

Bláskógabyggð.
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 1. mars 2024
Málsnúmer: 202401-0074
BK

Efni: Útey 1 – Aðalskipulagsbreyting vegna stækkunar frístundasvæða, verslunar og þjónustu

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 18. janúar 2024, þar sem Bláskógabyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar frístundasvæða og nýrra svæða fyrir verslun og þjónustu í landi Úteyjar 1.

Um er að ræða stækkun á frístundasvæði 32 úr 65 ha í 98,3 ha, niðurfellingu frístundasvæðis 33 (5 ha) og tvö ný svæði fyrir verslun og þjónustu. Það er annars vegar VP48 en þar stendur til að reisa hótél með baðaðstöðu og gistingu í gestahúsum. Gert ráð fyrir að hótelið verði með allt að 80 herbergjum með gistiplássi fyrir allt að 180 gesti. Mænishæð allt að 10 metrar. Gestahús verða allt að 35 talsins og á einni hæð. Mænishæð allt að 6 metrar. Einnig verður heimilt er að vera með allt að fimm starfsmannahús. Svæðið er samtals 11,1 ha. Hins vegar er svæði VP49 (9,3 ha) við Laugarvatnsveg þar sem gert er ráð fyrir ýmis konar atvinnuuppbyggingu s.s. verslun, safni, gróðurækt.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu sömu áforma þann 20. júlí 2023. Þar voru meðal annars ítrekuð skilaboð um verndargildi Laugarvatns og Apavatns og aðliggjandi votlendissvæða.

Einnig var bent á hættuna af því að uppbygging nálægt bökkum Laugarvatns geti ógnað fuglalífi og öðru lífríki ef hætta er á mikilli truflun eða raski á t.d. varpsvæðum fugla.

Þá voru gerðar athugasemdir við mögulega búgarðabyggð sunnan Eyjavegar en hún er ekki til umfjöllunar í greinargerðinni nú.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hversu hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem stöðja að vaðfluglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Þar koma meðal annars frístundabyggðir við sögu en auk mannvirkja fylgir þeim yfirleitt líka plöntun trjágróðurs en hvoru tveggja felur í sér búsvæðatap fyrir vaðfugla auk þess sem hár trjágróður hefur neikvæð jaðaráhrif sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra fuglategunda er lægri nær þessum einkennum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022).

Í nágrenni Laugarvatns og Apavatns má reikna með mjög háum þéttleika vaðfugla, sérstaklega í votlendi en einnig á þurrlendari svæðum og er mólendi t.a.m. kjörlendi heiðlóu.

Í greinargerðinni eru helstu breytingar sem gerðar voru með tilliti til athugasemda eftirfarandi:



- *Fyrir frístundasvæðið F32 er bætt við skilmálum um að í deiliskipulagi skuli hafa í huga að svæðið liggur að svæði á náttúruminjaskrá.*
- *Fallið er frá áformum um stækkun frístundasvæðisins F37.*
- *Bætt er við ýtarlegri skilmálum fyrir verslunar- og þjónustusvæðið VP48, að í deiliskipulagi skuli setja nánari skilmála s.s. um útfærslu mannvirkja, útlit og efnisval mannvirkja og fráveitu.*
- *Í umhverfismatsskýrslu er lögum um stjórn vatnamála bætt við sem umhverfisviðmiði og metin líkleg áhrif stefnunnar á vatn. Auk þess er gerð ýtarlegri grein fyrir áhrifum almennt.*
- *Verslunar- og þjónustusvæðið VP48 er minnkað og fært í 100 m fjarlægð frá Laugarvatni, og út fyrir svæði á náttúruminjaskrá. Svæðið minnkar við þetta um rúma 4 ha.*

Jákvætt er að fallið hafi verið frá stækkun frístundasvæðis F37 og að svæði VP48 hafi verið minnkað auk þess sem mannvirki verði í a.m.k. 100 m fjarlægð frá Laugarvatni. Samkvæmt fyrri greinargerð var þó stærð VP48 upphaflega 14,8 ha og hefur því minnkað um tæpa 4 ha (ekki „rúma“ líkt og fram kemur hér að framan).

Herbergjum á fyrirhuguðu hóteli hefur þó ekki fækkað auk þess sem gert er ráð fyrir allt að 35 gestahúsum. Umferð um svæðið mun því aukast mikið með mögulegum neikvæðum áhrifum truflunar á fuglalíf við vatnið.

Einnig skal bent á að norðan frístundabyggðar F32 og austan svæðis VP48 er samfelld óraskað votlendi. Þetta votlendi kemur ekki nægilega vel fram á vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar en það fellur augljóslega undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd.

Uppbygging á þessum slóðum ætti að taka mið af því að raska ekki þessu votlendi. Þar sem votlendi er mikilvægt vaðfuglum langt út fyrir mörk sín og vegna áður nefndra jaðaráhrifa ýmissa mannvirkja og hás trjágróðurs væri einnig æskilegt að leitast við að hafa a.m.k. 100 metra jaðar milli votlendisins og mannvirkja/frístundalóða.

Í greinargerðinni kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skuli ný frístundasvæði ekki vera stærri en 25 ha innan hvernar jarðar. Stærð svæðis F32 er núna um 65 ha og stendur til að stækka það um rúma 33 ha. Í greinargerðinni kemur fram að stækkunin er umfram heimildir og telur Náttúrufræðistofnun það vera varasamt fordæmi að veita slíka undantekningu.

Þar sem áætlað er að reisa verslunar- og þjónustusvæði VP49 er skv. vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar að finna birkiskóg, lyngmóavist á láglandi og starungsmýravist. Af loftmyndum að dæma virðist svæðið þó að megninu til vera votlendi og á tímum loftslagsbreytinga er mikilvægt að við skipulag sé tekið ríkt tillit til þess.

Náttúrufræðistofnun vill að lokum leggja áherslu á það að síaukið búsvæðatap fugla leiðir með tímanum óhjákvæmilega til fækkunar í stofnum þeirra og vill því hvetja sveitarfélagið til þess að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra uppbyggingaráforma á þessum slóðum og að beita sér fyrir aukinni verndun búsvæða vaðfugla. Það á ekki einungis við um votlendi heldur einnig nærliggjandi mólendi en mikið hefur verið gengið á mólendi á Suðurlandi og því orðið brýnt að vernda þau svæði sem eftir eru. Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í 1. töflu.



1. tafla. Einfölduð tafla úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar eru í meginþexta.

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem stærst svæði á láglandi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbætur og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfuglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin og á varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfugla. Í bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyrar meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfuglum og er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minnst grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er af vaðfuglum á frjósömum og grónum láglandissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðfugla.
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagfellt sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess virðist fara nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líklegra er að ungar sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglandi og lágheiðum er mikilvægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðfugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, einkum með fristundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eftir standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérflokki sökum stærðar.
Mannvirki	Vaðfuglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og hávaxinn gróður og vegi. Best er að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þau hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðfugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.

Heimildir:

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

